

GJALDSKRÁ
Málflutningsstofu Reykjavíkur
gildir frá 1. janúar 2018

1. Lögfræðingar Málflutningsstofu Reykjavíkur vinna á tímagjaldi fyrir umbjóðendur sína nema samið sé sérstaklega um annað. Tímagjald lögfræðinga stofunnar er sem hér segir:

a. Hæstaréttarlögmenn	28.900 kr/klst.
b. Héraðsdómslögmenn	22.900 kr/klst.
c. Löglærðir fulltrúar	19.900 kr/klst.
d. Aðrir starfsmenn	15.900 kr/klst.

Við ofangreinda þóknun bætist virðisaukaskattur eins og hann er ákveðinn samkvæmt lögum hverju sinni.

Athygli er vakin á því að kostnaður og þóknun Málflutningsstofunnar kann að verða mun hærri en málskostnaðarákvörðun dómara. Ákvörðun dómara á málskostnaði hefur þannig ekki áhrif á ákvörðun þóknunar gagnvart viðskiptamanni vegna málflutnings.

Sérstaklega skal hafa samband við eigendur stofunnar varðandi hagsmunatengdar þóknunir.

2. Allur útlagður kostnaður vegna máls greiðist af viðskiptavini, t.d. þingfestingargjöld, matsgerðir, aðkeyptar mætingar, ferða- og dvalarkostnað eða hverju öðru nafni sem hann nefnist.
3. Gjaldskrá þessi telst hluti af samningi um rekstur máls. Til viðbótar við ofangreint tekur stofan 10% af öllum kröfum sem innheimtast vegna málareksturs hennar á hvaða stigi sem er, hvort sem er við dóm, úrskurð eða með samningum.
4. Málflutningsstofan áskilur sér rétt til að krefjast fyrirframgreiðslu áður en verk hefist, greiðslu jafnt og þétt á meðan á verki stendur eða eftir öðrum umsömdum hætti.
5. Viðskiptamanni ber að kynna sér ákvæði þessarar gjaldskrár. Hann er ábyrgur fyrir greiðslu þóknunar og útlagðs kostnaðar, hvort sem hún fæst greidd úr hendi gagnaðila eða ekki, nema sérstakt samkomulag sé gert um annað.
6. Viðskiptamaður á rétt á að fá yfirlit úr tímaskrá lögmanns sem liggur að baki reikningi, ef þess er óskað.
7. Gjaldskráin tekur breytingum tvisvar á ári, þ.e. 1. janúar og 1. júlí hvert ár.
8. Lágmarksútkall er 4 klst.